

Fimm sveitarfélög á Suðurlandi skoða sameiningu

Magnús Hlynur Hreiðarsson skrifar 21. desember 2019 12:30



Sameiningaviðræður eru hafnar á milli fimm sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu eru hafnar. MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON.

Fimm sveitarfélög í Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu hafa ákveðið að hefja viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Þetta eru Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Verkefnahópur á vegum sveitarfélaganna fimm hefur tekið til starfa en hann er skipaður þremur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi. Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra er formaður hópsins.

„Það er engin búin að skuldbinda sig til eins eða neins, heldur ætlum við að næstu mánuðum að draga saman kosti og galla þess að sameina þessi sveitarfélög en það er allir á sama stað. Þetta snýst í rauninni um að afla gagna“, segir Anton Kári.

En hvað kemur til að þið ákveðið að fara í þessa vinnu?

„Það er að frumkvæði Mýrdalshrepps, þau sendu á öll sveitarfélögin og óskuðu eftir því að hvert og eitt sveitarfélag skipaði þrjá fulltrúa í svona verkefnahóp.“



Anton Kári segir að verði að sameiningu sveitarfélaganna yrði til mjög öflugt sveitarfélag á Suðurlandi.

„Það er ansi stórt, það er yfir fimm þúsund manns, í dag er það í kringum 5.200 til 5.300 manns frá Þjórsá austur að Lómagnúpi í austri.“

Anton Kári segir að íbúar sveitarfélaganna munu alltaf hafa síðasta orðið í sameiningarmálum sveitarfélaganna því boðað yrði til íbúakosningar ákveði fulltrúar sveitarfélaganna að boða til slíkra kosningar.

En hann sjálfur, er hann sameiningarmaður eða ekki?

„Má ég segja pass, ég held ég verði að segja pass af því að mig vantar enn þá að fá upplýsingar til að getað svarað því.

En jú, ég horfi bjartsýnn fram veginn og ég býst við að þetta skili tilætluðum árangri þannig að við fáum upplýsingar og getum tekið upplýsta ákvörðun“, segir Anton Kári.